RÍKISENDURSKOÐUN

MÓTTEKIÐ
02. júní 2010
Fjármálaeftirlitið

# Fjármálaeftirlitið

## Ársreikningur 2009

Fjármálaeftirlitið
Suðurlandsbraut 32
Reykjavík
541298-3209

# Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings ........ 3

Áritun endurskoðenda ........ 4

Rekstrarreikningur ........ 5

Efnahagsreikningur ........ 6

Sjóðstreymi ........ 7

Skýringar ........ 8

RÍKISENDURSKOÐUN

# Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Fjármálaeftirlitið starfar á grundvelli laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum. Um starfsemi þess gilda ennfremur lög nr. 99/1999 með síðari breytingum, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og sérlög um starfsemi á fjármálamarkaði.

Tekjur af eftirlitsgjaldi, sem eftirlitsskyldir aðilar greiða, námu 777,6 m.kr. á árinu 2009. Aðrar tekjur námu 13,8 m.kr. og fjármunatekjur námu 30,8 m.kr. Rekstrargjöld, að meðtöldum eignakaupum, námu 1.180,3 m.kr. Eignir í árslok 2009 námu samtals 321,0 m.kr. og skuldir 132,3 m.kr.

Eigið fé í ársbyrjun 2009 var jákvætt um 188,7 m.kr. Tekjuhalli ársins nam 339,6 m.kr. og eigið fé í árslok 2009 var því jákvætt um 188,7 m.kr.

Ársreikningurinn er saminn í samræmi við reglur um framsetningu reikningsskila stofnana sem falla undir A-hluta ríkissjóðs.

Stjórn og forstjóri Fjármálaeftirlitsins staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. maí 2010

**Stjórn**

Lilja Ólafsdóttir
formaður.

Kristín Haraldsdóttir.

Jón Þ. Sigurgeirsson.

**Forstjóri**

Gunnar Þ. Andersen.

RÍKISENDURSKOÐUN

# Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Fjármálaeftirlitsins og viðskiptaráðuneytis

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

***Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum***

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

***Ábyrgð endurskoðenda***

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

***Álit***

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Fjármálaeftirlitsins á árinu 2009, efnahag þess 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 28. maí 2010.

Sveinn Arason

Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi.

# Rekstrarreikningur árið 2009

| | Skýr. | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Tekjur af eftirlitsgjaldi | 1 | 777.588.000 | 912.709.000 |
| Aðrar tekjur | 2 | 13.803.467 | 11.179.627 |
| | | 791.391.467 | 923.888.627 |
| **Gjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 641.073.941 | 530.444.447 |
| Úrskurðarnefndir | 4 | 8.453.303 | 5.891.996 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 5 | 55.596.795 | 53.772.095 |
| Ferða- og starfstengdur kostnaður | 6 | 34.963.954 | 38.851.572 |
| Aðkeypt sérfræðiþjónusta | 7 | 314.370.880 | 340.375.184 |
| Rekstur tækja og áhalda | 8 | 22.499.314 | 21.520.080 |
| Annar rekstrarkostnaður | 9 | 31.407.204 | 18.679.135 |
| Húsnæðiskostnaður | 10 | 62.288.290 | 49.445.540 |
| Tilfærslur | 11 | 1.953.083 | 1.486.500 |
| | | 1.172.606.764 | 1.060.466.549 |
| Eignakaup | 12 | 7.688.147 | 14.797.816 |
| | | 1.180.294.911 | 1.075.264.365 |
| **Tekjuhalli fyrir hreinar fjármunatekjur** | | ( 388.903.444) | ( 151.375.738) |
| Fjármunatekjur | 13 | 30.799.072 | 43.014.668 |
| **Tekjuhalli fyrir ríkisframlag** | | ( 358.104.372) | ( 108.361.070) |
| Ríkisframlag | | 18.500.000 | 549.000.000 |
| **(Tekjuhalli) / tekjuafgangur ársins** | | ( 339.604.372) | 440.638.930 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2009

| | Skýr. | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Ríkissjóður | 14 | 14.180.002 | 502.026.300 |
| Viðskiptakröfur | | 179.235.046 | 92.101.662 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 2.563.937 | 47.597.811 |
| Handbært fé | | 125.059.329 | 129.266.695 |
| | | 321.038.314 | 770.992.468 |
| **Eignir alls** | | 321.038.314 | 770.992.468 |

| | Skýr. | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Höfuðstóll í ársbyrjun | | 528.343.759 | 87.704.829 |
| (Tekjuhalli) / tekjuafgangur ársins | | ( 339.604.372) | 440.638.930 |
| **Eigið fé** | 15 | 188.739.387 | 528.343.759 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Skammtímaskuldir | | 129.844.643 | 209.884.109 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 2.454.284 | 32.764.600 |
| **Skuldir** | | 132.298.927 | 242.648.709 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 321.038.314 | 770.992.468 |

# Sjóðstreymi árið 2009

| | Skýr. | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| *Veltufé frá rekstri:* | | | |
| (Tekjuhalli) / tekjuafgangur ársins | | ( 339.604.372) | 440.638.930 |
| ***Veltufé frá rekstri*** | | ( 339.604.372) | 440.638.930 |
| *Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:* | | | |
| Skammtímakröfur (hækkun)/lækkun | | ( 42.099.510) | ( 134.762.028) |
| Viðskiptaskuldir hækkun | | ( 110.349.782) | 232.802.096 |
| | | ( 152.449.292) | 98.040.068 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | ( 492.053.664) | 538.678.998 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| *Breyting á stöðu við ríkissjóð* | | | |
| Framlag ríkissjóðs, tekjur af eftirlitsgjaldi | | 796.088.000 | 1.461.709.000 |
| Greitt úr ríkissjóði | | ( 308.241.702) | ( 1.963.357.975) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | 487.846.298 | ( 501.648.975) |
| **Hækkun á handbæru fé** | | ( 4.207.366) | 37.030.023 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 129.266.695 | 92.236.672 |
| **Handbært fé í lok ársins** | | 125.059.329 | 129.266.695 |

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Fjármálaeftirlitsins er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

### Skattar

Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki eru almennt undanþegin álagningu tekjuskatta.

### Skráning tekna

Stofnunin innheimtir eftirlitsgjöld af eftirlitsskyldum aðilum og er innheimtan skráð í innheimtukerfi ríkisins. Sértekjur Fjármálaeftirlitsins eru skráðar í bókhald við greiðslu innan ársins. Í lok árs eru óinnheimtar tekjur, sem tilheyra viðkomandi rekstrarári, færðar í rekstrarreikning og til eignar í efnahagsreikningi.

### Skráning gjalda

Gjöld eru bókuð við greiðslu reikninga innan ársins. Í lok ársins eru áfallin gjöld, sem tilheyra viðkomandi rekstrarári, færð í rekstrarreikning sem gjöld og til skuldar í efnahagsreikningi.

### Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði.

### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

### Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

### Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

# Skýringar

## Bókhald og fjárvarsla

Fjármálaeftirlitið sér sjálft um færslu bókhalds og greiðslur, innheimtu gjalda af eftirlitsskyldum aðilum og allan launaundirbúning en launakeyrslan er hjá Fjársýslu ríkisins.

## Fjárheimildir og rekstur

Fjármálaeftirlitið er með sjálfstæðan fjárhag. Samkvæmt lögum nr. 99/1999 með síðari breytingum, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi skulu eftirlitsskyldir aðilar standa straum af kostnaði við rekstur eftirlitsins. Gjaldið reiknast ýmist sem ákveðinn hundraðshluti af heildareignum, rekstrartekjum eða tryggingariðgjöldum eftirlitsskyldra aðila í samræmi við eðli starfseminnar. Í nokkrum tilvikum er um fast gjald að ræða. Álagningargrunnur eftirlitsgjaldsins hverju sinni eru ársreikningar eftirlitsskyldra aðila fyrir næstliðið ár þegar áætlun er undirbúin.

Framlög í fjárlögum ársins 2009 námu samtals 1.116,0 m.kr. en skv. fjárheimildum ársins námu framlögin samtals 766 m.kr. Lækkunin er einkum komin til vegna hagnaðar ársins 2008 en álögð gjöld voru meiri en sem nam rekstrargjöldum en auk þess sem afgangur varð af aukafjárveitingu sem stofnunin fékk á liðnu ári.

Rekstrargjöld að frádregnum tekjum námu 358,1 m.kr. og urðu því 339,6 m.kr. umfram fjárheimildir ársins.

| Í þús. kr. | Fjárlög | Fjárheimild | Rekstur | Frávik |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | ( 19.000 ) | ( 18.500 ) | ( 50.625 ) | 32.125 |
| Laun og launatengd gjöld | 835.600 | 595.600 | 646.816 | ( 51.216 ) |
| Önnur rekstrargjöld | 289.300 | 197.300 | 529.860 | ( 332.560 ) |
| Tilfærslur | 7.000 | 7.000 | 1.953 | 5.047 |
| | 1.112.900 | 781.400 | 1.128.004 | ( 346.604 ) |
| Eignakaup | 3.100 | 3.100 | 7.688 | ( 4.588 ) |
| | 1.116.000 | 784.500 | 1.135.692 | ( 351.192 ) |
| Eftirlitsgjald | ( 1.116.000 ) | ( 766.000 ) | ( 777.588 ) | 11.588 |
| | 0 | 18.500 | 358.104 | ( 339.604 ) |

# Skýringar

## Sundurliðanir

### 1. Tekjur af eftirlitsgjaldi

Tekjur af eftirlitsgjaldi sem eftirlitsskyldir aðilar greiða til Fjármálaeftirlitsins drógust saman um 135,1 m.kr. á milli ára eða 14,8%.

### 2. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur jukust um 2,6 m.kr. eða um 23,5% milli ára en þær eru að stærstum hluta tekjur vegna úrskurðarnefnda og stjórnvaldssekta. Tekjur vegna úrskurðarnefnda hækkuðu mest eða um 2,6 m.kr. eða 43,5% en þær eru innheimtar vegna úrskurðanefnda af vátryggingafélögum, samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og samtökum sparisjóða til að mæta launum nefndarmanna í úrskurðarnefnd í vátryggingamálum og úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Ýmsar tekjur eru að stærstum hluta eða um 5,3 m.kr., greiðslur stjórnvaldssekta.

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Tekjur vegna úrskurðarnefnda | 8.453.303 | 5.891.996 |
| Ýmsar tekjur | 5.350.164 | 5.287.631 |
| | 13.803.467 | 11.179.627 |

### 3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 119,1 m.kr. eða 22,4% á milli ára en að teknu tilliti til fjölgunar stöðugilda hækkuðu laun um 1,7%. Stöðugildum fjölgaði um 11,5 og urðu 67,4 á árinu 2009 en 55,9 á árinu 2008. Starfsmannavelta var um 14,3 á árinu. Laun og launatengd gjöld vegna stjórnarmanna að fjárhæð 12,0 m.kr. eru meðtalin í framangreindum launakostnaði. Áfallið orlof er ekki reiknað og fært upp í ársreikninginn.

| | | |
|---|---|---|
| Dagvinna | 356.226.414 | 285.228.519 |
| Yfirvinna | 129.956.780 | 103.561.020 |
| Aukagreiðslur | 36.152.784 | 47.978.569 |
| Önnur laun | 8.287.727 | 4.170.160 |
| Launatengd gjöld | 110.450.236 | 89.506.179 |
| | 641.073.941 | 530.444.447 |

# Skýringar

## 4. Úrskurðarnefndir

Á árinu 2009 varð 2,6 m.kr. eða 43,5% hækkun á kostnaðarlið úrskurðarnefndar. Fjármálaeftirlitið leggur út fyrir launum nefndarmanna í úrskurðarnefnd í vátryggingamálum og úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki en innheimtir síðan kostnaðinn hjá vátryggingafélögum, samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og samtökum sparisjóða. Enginn kostnaður var á árinu vegna úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, 455 mál | 8.453.303 | 4.891.831 |
| Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, 66 mál | 0 | 1.000.165 |
| | 8.453.303 | 5.891.996 |

## 5. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hækkaði um 1,8 m.kr. á milli ára eða 3,4%. Mest var hækkun á afnotagjöldum eða um 9,2 m.kr. sem skýrist m.a. af fjölgun starfsmanna og hækkun á kostnaði erlendra leyfa. Um 12,8 m.kr. lækkun var á liðnum auglýsingar og kynningar sem má rekja að stærstum hluta eða um 13,6 m.kr. til kostnaðar vegna ráðgjafa í almannatengslum á árinu 2008.

| | | |
|---|---|---|
| Afnotagjöld / leyfisgjöld | 32.434.514 | 23.219.222 |
| Skrifstofuvörur | 7.375.032 | 4.832.673 |
| Tímarit, blöð og bækur | 5.293.693 | 3.834.647 |
| Auglýsingar og kynningar | 1.988.679 | 14.784.280 |
| Símagjöld | 5.751.987 | 5.319.042 |
| Útgáfustarfsemi | 1.629.126 | 715.579 |
| Burðargjöld | 753.985 | 596.277 |
| Gjafir | 369.779 | 470.375 |
| | 55.596.795 | 53.772.095 |

## 6. Ferða- og starfstengdur kostnaður

Ferða- og starfstengdur kostnaður dróst saman um 3,4 m.kr. eða 10,0%. Mest lækkun var á funda-, námskeiðs- og ráðstefnukostnaði eða um 3,6 m.kr. Hækkun var hins vegar á ferða- og dvalarkostnaði um 0,4 m.kr. sem skýrist einkum af hækkun gengis. Ferðum starfsmanna fækkaði um 113 daga á milli ára en lengd ferða var svipuð. Akstur er að stærstum hluta greiðslur samkvæmt bifreiðasamningum og var akstursamningum sagt upp um áramót. Annar kostnaður er risna og félagsgjöld.

| | | |
|---|---|---|
| Ferða- og dvalarkostnaður erlendis | 26.937.605 | 26.132.945 |
| Ferða- og dvalarkostnaður innanlands | 403.141 | 852.371 |
| Funda-, námskeiðs- og ráðstefnugjöld | 4.611.766 | 8.171.939 |
| Akstur | 2.375.585 | 2.101.336 |
| Annar kostnaður | 635.857 | 1.592.981 |
| | 34.963.954 | 38.851.572 |

# Skýringar

## 7. Aðkeypt sérfræðiþjónusta

Aðkeypt sérfræðiþjónusta dróst saman um 26,0 m.kr. á milli ára eða 7,6%. Hún er að stærstum hluta þjónusta skilanefnda í byrjun árs og nam kostnaðurinn um 221,3 m.kr. en hann lækkaði um 59,5 m.kr. á milli ára eða 36,8%. Hækkun var um 0,4 m.kr. á lögfræðiþjónustu sem rekja má til aðkeyptrar þjónustu vegna launamála, starfsloka og annarra verkefna. Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta vegna hugbúnaðargerðar dróst saman um 16,4 m.kr. á milli ára.

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Sérfræðiþjónusta | 284.519.460 | 294.116.578 |
| Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta | 29.851.420 | 46.258.606 |
| | 314.370.880 | 340.375.184 |

## 8. Rekstur tækja og áhalda

Rekstur tækja og áhalda hækkar um tæpa 1,0 m.kr. m.kr. eða um 4,6% milli ára. Nokkur breyting var til hækkunar eða lækkunar á kaupum á smátækjum og viðhaldi á þeim.

| | | |
|---|---|---|
| Rekstrarleiga tækja og búnaðar | 12.485.264 | 11.634.440 |
| Smátæki og áhöld | 3.044.099 | 4.294.324 |
| Viðgerðir og viðhald | 6.969.951 | 5.591.316 |
| | 22.499.314 | 21.520.080 |

## 9. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður hækkar um 8,1 m.kr. á milli ára eða um 59,3%. Hækkunina má að mestu rekja til um 9,0 m.kr. kostnaðar ráðgjafarþjónustu almannatengslafyrirtækis vegna bankakreppunnar.

| | | |
|---|---|---|
| Máltíðir og matvæli | 9.237.129 | 8.105.394 |
| Hreinsun og gagnaeyðing | 276.707 | 355.457 |
| Aðkeyptur akstur, flutningar og annar bifreiðakostnaður | 1.845.337 | 1.772.010 |
| Ýmis önnur þjónustugjöld og rekstrarvörur | 20.048.031 | 8.125.924 |
| Kostnaður vegna yfirtökunefndar | 0 | 320.350 |
| | 31.407.204 | 18.679.135 |

# Skýringar

## 10. Húsnæðiskostnaður

Stofnunin er með aðsetur að Suðurlandsbraut 32, Reykjavík. Húsaleiga byggir á föstum samningum sem bundnir eru vísitölu neysluverðs. Húsnæðiskostnaður hækkaði um 12,8 m.kr. eða um 26,0%, þar af hækkuðu leigugjöld mest eða um 12,7 m.kr. Hækkun húsaleigu má að stærstum hluta rekja til þess að á árinu 2008 var tekið til viðbótar húsnæði á annarri hæð að Suðurlandsbraut 32 á leigu. Hækkun á kostnaði vegna öryggisgæslu um 1,1 m.kr. má rekja til meiri öryggisgæslu hjá stofnuninni eftir bankahrunið.

| | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| Leigugjöld | 40.684.289 | 27.958.103 |
| Þrif og sorphirða | 4.809.370 | 4.807.505 |
| Orka | 1.413.409 | 1.239.941 |
| Viðhald fasteigna | 1.642.812 | 3.147.291 |
| Öryggisgæsla | 9.117.490 | 8.020.441 |
| Annar húsnæðiskostnaður | 4.314.578 | 3.046.891 |
| Sameiginlegur húsnæðiskostnaður | 306.342 | 1.225.368 |
| | 62.288.290 | 49.445.540 |

## 11. Tilfærslur

Tilfærslur námu um 2,0 m.kr., þar af er 1,8 m.kr. styrkur til starfsmannafélags Fjármálaeftirlitsins.

## 12. Eignakaup

Eignakaup drógust saman um 7,1 m.kr. milli ára. Lækkunin skýrist að stærstum hluta af kaupum á hugbúnaði, fjarfundabúnaði og öðrum tölvubúnaði á árinu 2008.

| | | |
|---|---|---|
| Tölvubúnaður | 3.410.467 | 8.606.325 |
| Húsgögn | 1.105.878 | 3.570.870 |
| Skrifstofubúnaður og önnur tæki | 3.171.802 | 2.620.621 |
| | 7.688.147 | 14.797.816 |

## 13. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| | | |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 36.821.427 | 48.058.146 |
| Fjármagnstekjuskattur | ( 4.019.460) | ( 4.746.339) |
| Vaxtagjöld | ( 2.002.895) | ( 297.139) |
| | 30.799.072 | 43.014.668 |

# Skýringar

## Annað

### 14. Staða við ríkissjóð

Greiðslustaða við ríkissjóð sýnir 14,2 m.kr. inneign Fjármálaeftirlitsins hjá ríkissjóði í stað 502,0 m.kr. inneignar í árslok 2008. Lækkunin skýrist af framlagi á árinu 2008 vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði.

### 15. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan tekjuafgang hennar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2009 var eigið fé stofnunarinnar jákvætt um 188,7 m.kr. og hafði lækkað um 339,6 m.kr. frá árinu áður eða sem nam tekjuhalla ársins.

***Höfuðstóll***

| | |
|---|---|
| Höfuðstóll 1. janúar 2009 | 528.343.759 |
| Tekjuafgangur | ( 339.604.372) |
| Höfuðstóll 31. desember 2009 | 188.739.387 |

## Kennitölur

**Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:**

| | 2009 | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstur** | | | | | |
| Rekstrartekjur | 828.213 | 971.947 | 456.894 | 268.183 | 222.633 |
| Rekstrargjöld | ( 1.178.629) | ( 1.065.510) | ( 390.361) | ( 258.899) | ( 266.358) |
| Stofnkostnaður | ( 7.688) | ( 14.798) | ( 7.434) | ( 3.213) | ( 5.489) |
| Tekjuafgangur | ( 358.104) | ( 108.361) | 59.098 | 6.071 | ( 49.214) |
| Ríkisframlag | 18.500 | 549.000 | 0 | 0 | 0 |
| (Tekjuhalli) / tekjuafgangur | ( 339.604) | 440.639 | 59.098 | 6.071 | ( 49.214) |
| **Efnahagur** | | | | | |
| Veltufjármunir | 321.038 | 770.992 | 58.119 | 7.433 | 3.070 |
| Eignir alls | 321.038 | 770.992 | 58.119 | 7.433 | 3.070 |
| Höfuðstóll | 188.739 | 528.344 | 48.953 | 4.759 | ( 1.313) |
| Skammtímaskuldir | 132.299 | 242.649 | 9.167 | 2.674 | 4.383 |
| Eigið fé og skuldir alls | 321.038 | 770.992 | 58.119 | 7.433 | 3.070 |